

Fundargerð

23. fundur.

Byggðaráð Langanesbyggðar kom saman til fundar í fundarstofu Langanesbyggðar kl. 12:00 fimmtudaginn 31. janúar 2008.

Mættir. Þórir Jónsson, formaður, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Ragnar Kristinsson og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri.

Formaður bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá.

1. Mál. Úthlutun byggðakvóta í Langanesbyggð.

Sigurður Ragnar vakti athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til að taka þátt í umfjöllun um málið. Atkvæði greitt um vanhæfið og Sigurður Ragnar úrskurðaður hæfur með tveimur atkv. gegn einu. Sigurður Ragnar metinn hæfur á þeirri forsendu að verið sé að taka afstöðu til ályktana byggðaráðs frá því í maí og júní 2007.

Sveitarstjóra falið að senda sjávarútvegsráðuneytinu erindi þar sem þess verði óskað að afstaða ráðuneytisins til tillagna sveitarstjórnar Langanesbyggðar frá því í lok maí og júní 2007 verði tekin til endurskoðunar. Þetta er gert í ljósi þess að framkvæmd ráðuneytisins varð ekki í samræmi við þá heildarsýn er sveitarstjórn Langanesbyggðar hafði á meðferð þessara mála í byggðalaginu og að ekki er gætt þeirrar sanngirmissjónarmiða er lögð var áhersla á að hálfu sveitarstjórnar.

2. Mál. Fundur með Norðausturnefnd á Húsavík 05.02.08.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir undirbúningi að starfi nefndarinnar og fyrirhuguðum fundi á Húsavík þriðjudaginn 5. feb. 08.

3. Styrkur til húsbyggjenda.

Ræddar hugmyndir varðandi mögulega styrki til húsbyggjenda. Samþykkt að vinna málið áfram og fela sveitarstjóra að afla frekari gagna og taka málið fyrir aftur á næsta fundi byggðaráðs.

4. Mál. Önnur mál.

- Ráðstöfun framlags v/ niðurskurðar aflaheimilda.

Ræddar hugmyndir að því hvernig nýta megi framlagið til eflingar útgerðar og vinnslu. Sveitarstjóra falið að vinna hugmyndir áfram í samráði við vinnsluaðila.

- Málefni H2 svæðisins á Heiðarfjalli.

Farið yfir bréfasamskipti vegna H2 – svæðisins á heiðarfjalli. Sveitarstjóri mun útbúa bréf til sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi til stuðnings kröfu landeigenda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:08.

Björn Ingimarsson, ritari.